

## Lýðræðisleg harðstjórn 13. des. 2016

Svo mælti Alexis-Charles-Henri Clérel de Tocqueville (1805-1859), endur fyrir löngu:

„Ég er að reyna að sjá, hvaða mynd harðstjórn getur tekið á sig. Það, sem ég kem fyrst auga á, er múgurinn, óteljandi menn, allir jafnir og líkir hverjir öðrum, allir að keppast við að afla þeirra lítilmótlegu og lágkúrulegu gæða, sem þeir fylla líf sitt með. ... Fyrir ofan þennan skara rís síðan óskaplegt og ægilegt vald, sem tekur það að sér að fullnægja þörfum hans og bera ábyrgð á örlögum hans. Þetta vald er altækt, smámunasamt, reglubundið, forsjált og milt. Því mætti líkja við foreldravaldið, hefði það þann tilgang að búa menn undir fullorðinsárin, en það hefur annan tilgang og ólíkan, að koma í veg fyrir, að þeir fullorðnist. Það hefur ekkert á móti því, að menn gleðjist, að því tilskildu, að þeir hugsi ekki um annað á meðan. Þetta vald vinnur fúslega að slíkri hamingju, en það heimilar að fá eitt að skammta hana og skipuleggja. Það verndar menn, áætla þarfir þeirra og sinnir þeim, auðveldar þeim að láta sér líða vel, ræður helstu áhugamálum þeirra, stjórnar framleiðslu, úthlutar eignum og skiptir með þeim arfi. Hvað er eftir annað en að taka af þeim ómakið við að hugsa og lifa.“

Hefur hann reynst sannspár?